

**FW: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Fossvogsbrú**

Ásdís Kristinsdóttir - VG [REDACTED]

Þri. 5.12.2023 15:00

Til: Sigurjóna Guðnadóttir [REDACTED]

Sæl Sigurjóna,

Eftirfarandi er svar við fyrirspurn Flokks Fólksins varðandi Fossvogsbrúna.

*Fyrirkomulag umferðar á brúnni er af hálfu hönnuða vel ígrundað, og tekur mið af þörfum og upplifun allra notenda og samgöngumáta. Um er að ræða lykilatíði í vinningstillögu hönnunarsamkeppninnar. Að hafa göngustíg vestan á brúnni var tekið til skoðunar á fyrstu hönnunarstigum, og að athuguðu máli varð sú hönnun sem unnið er með fyrir valinu.*

*Brúin verður byggð fyrir Borgarlínuna en mun einnig nýttast virkum ferðamátum vel. Skv. umferðartölum og umferðarspá er stærstur hluti gangandi umferðar við báða brúarenda austan hennar, og æskilegt er að gera gangandi kleift að komast leiðar sinnar án þess að þurfa að þvera Borgarlínuna. Göngustígurinn austan á brúnni er hluti af 5 km göngu- og hlaupaleið um Fossvoginn og er með útsýni yfir fjölbreytt útivistarsvæði strandlengju Fossvogs. Af áningarstöðum við göngustíginn á brúnni verður einnig ágætt útsýni til vesturs út Skerjafjörð, jafnvel þó þaðan sé horft yfir akbraut Borgarlínunnar og hjólastíg.*

*Hjólastígur er staðsettur að vestanverðu til að fjarlægja hraðskreiða hjóla- og rafskútuumferð af göngusvæðinu, og einnig með í huga norður-suður hjólaferðir eftir strandlengju höfuðborgarsvæðisins og sem fæstar þveranir hjólandi við Borgarlínuna á Kársnesi. Ekki er litið svo á að hönnunin forgangsraði hjólreiðamönnum fram yfir gangandi vegfarendur, heldur er henni ætlað að skapa betra og öruggara umhverfi fyrir gangandi vegfarendur og skila ávinningi fyrir báða ferðamáta.*

*Ekki verður séð hvernig útsýni til vesturs frá göngustíg austan á brúnni tapast síðdegis. Einhver skuggamyndun verður frá kantbitum í vesturkanti þar sem þeir standa hæst upp fyrir brúargólfið, en þar sem þeir eru lægri verður skuggamyndun ekki veruleg þar sem handrið er fremur gegnsætt, sjá mynd að neðan. Ekki er búist við að skuggamyndun verði mikil á göngustígnum austan á brúnni.*

*Hönnun svæðisins við brúna gefur kost á góðu útsýni til vesturs báðum megin brúar. Útsýnisstaðirnir við brúarendana eru hannaðir sérstaklega til þess nýta útsýni að Bessastöðum, Snæfellsjökli og sólsetrinu yfir Skerjafirði"*



Kveðja,  
Ásdís



## Ásdís Kristinsdóttir

Forstöðumaður Borgarlínu  
Borgarlínuteymi  
Project Director



Vegagerðin  
Icelandic Road and  
Coastal Administration

Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
www.vegagerðin.is

**From:** [Redacted]  
**Sent:** Thursday, November 30, 2023 1:34 PM  
**To:** Ásdís Kristinsdóttir - VG [Redacted]  
**Subject:** Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Fossvogsbrú

You don't often get email from [Redacted]. [Learn why this is important](#)

USK23110186

Góðan dag,

á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. nóvember 2023 var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram og vísað til umsagnar:

Flokks fólksins hefur fengið ábendingu sem snýr að hönnun Fossvogsbrúar sem mikilvægt er að skoða áður en lengra er haldið. Spurt er hvort ekki færi betur á því að göngustígur sé á vesturhluta brúarinnar og hjólastígurinn austan megin á brúnni? Núverandi hönnun gerir ráð fyrir hjólastíg á vesturhluta brúarinnar og göngustíg austan megin. Eins og hönnun Fossvogsbrúar hefur verið kynnt myndi sólin fara að skína á vesturhlið brúarinnar milli kl. 13.00 og 14.00. Þá myndast skuggar frá handriðum inn á brúna. Göngusvæði austan megin "króast" af og tapast þá útsýnis upplifun þeirra sem ganga yfir brúna. Þannig skerðist ásýnd sólarlagsins í handriðum, brúargólfinu og umferð Borgarlínuvagna sem gleðja myndi augað ef gönguleiðin er vestan megin á brúnni. Í stuttu máli, þá er upplifunin sterkari ef gönguleiðin er vestanmegin brúarinnar og hjólaleiðin austan megin. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki sé vert að skoða gaumgæfilega þessa ábendingu? Mikilvægt er að það verði gert áður en það er um seinan.

-----

Óskað er eftir umsögn innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa pósts.

**Sigurjóna Guðnadóttir**

Sérfræðingur, skrifstofu stjórnsýslu og gæða

Sími/Tel.: [Redacted]



[umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar](#)

Borgartún 12 - 14, 105 Reykjavík

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

[www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

### **Um ábyrgð á tölvupósti**

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

### **English**

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.